



Hjúkrunarheimilið Boðarþing 11-13

Hjúkrunarheimilið Boðarþing 11-13 er lokaáfangi í uppbyggingu á samtengdum lífsgæðakjarna sem inniheldur hjúkrunarheimili, þjónustumiðstöð og íbúðir aldraða.

Byggingin er á þremur hæðum og er með 64 hjúkrunarrýmum. Efnismeðferð innanhúss er ljós og létt og miðar að því að allir íbúar, gestir og starfsfólk njóti hlýleika og gæða húsnæðisins að innan sem og að utan. Svalir eru til beggja átta í stofum og borðstofum og gefa fallegt útsýni. Heildaryfirbragð lífsgæðakjarnans er samræmt í litavali, gluggaumgjörðum og útfærslum tengiganga.

“*„Í dag er fallegt en jafnframt hlýlegt og heimilislegt hjúkrunarheimili vígt. Byggingin er afrakstur góðs samstarfs og áþreifanlegs metnaðar allra sem að verkinu komu.“*

Óli Vilmundarson, verkefnastjóri FSRE

Byggingaframkvæmdir hófust í apríl 2023 að afloknu alútboði með fastri tilboðsupphæð. ÍSTAK hf var alverktaki byggingarinnar. Áætlaður framkvæmdatími var 25 mánuðir.

Listskreyting

Vinningstillaga listskreytingar var verkið „Fjölla“ eftir Ólöfu Nordal. „Fjölla“ er skúlptúrverk samsett af sjö bronsmyndum og býður til samtals og upplifunar gesta, heimilsmanna og íbúa. Uppsetning og vígsla „Fjöllu“ verður vorið 2026.



Verkkaupi

Heilbrigðisráðuneytið
Kópavogsbær

Umsjón og Eftirlit

FSRE
VSB

Útboðsform

Alútboð með fastri
tilboðsupphæð

Alverktaki

ÍSTAK HF.
Hönnun:
THG Arkitektar og Efla

Umhverfisvottun

BREEAM vottun með
einkunn “Very Good”

Byggingin var vígð 2.
september 2025.

FERMETRAFJÖLDI

4.254

KOSTNAÐUR
Í M. KR.

2.650

HJÚKRUNARRÝMI

64